



Umsögn um tillögu til þingsályktunar – 403 mál.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1218  
komudagur 3.2.2011

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 02.02.2011.

**Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum. -403 mál.**

Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum hefur verið til skoðunar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands að beiðni Iðnaðarnefndar Alþingis. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur frá stofnun og einnig í tíð fyrirrennara sinna, unnið markvist að þróun og notkun innlendra endurnýtanlegra orkugjafa bæði í samgöngum sem og til iðnaðarnota.

Nýsköpunarmiðstöð fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar, telur hana mjög þarfa og styður þær málefnalegu tillögur sem þar eru lagðar fram. Ljóst er að orkustefna Íslendinga verður að taka mið af þeim gæðum og kostum sem bjóðast hérlendis og að mati Nýsköpunarmiðstöðvar er alveg ljóst að koma verður á móts við brautryðjendur nýrrar tækni á meðan innviðir og markaðssetning eru að taka við sér.

Framleiðsla eldsneytis hérlendis til samgangna inniheldur mikla möguleika til atvinnusköpunar, gjaldeyrissparnaðar og síðast en ekki síst til bættra loftgæða. Á öllum þessum liðum er mikilvægt að vinna og styðja þá sem ryðja brautina.

Að öðru leyti gerir Nýsköpunarmiðstöð ekki athugasemdir við þingsályktunartillögu 403.

Virðingarfyllst.

Fh. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands  
Ingólfur Þorbjörnsson Framkvæmdastjóri.



Innovation Center  
Iceland